

## Reglur vinnumatssjóðs Félags háskólakennara vegna rannsókna

Með fyrirvara um samþykki háskólaráðs

### 1. gr.

Félagsmenn í Félagi háskólakennara sem falla undir matskerfi kennara og sérfræðinga og gegna a.m.k. hálfu starfi eiga kost á greiðslum fyrir nýsköpun og árangur í rannsóknum umfram vinnuskyldu á liðnu almanaksári. Skulu þeir þá skila vinnuskýrslu til vísinda- og nýsköpunarsviðs Háskóla Íslands eigi síðar en 1. febrúar ár hvert, sbr. 5. grein. Matsnefndir skipaðar af matskerfisnefnd meta rannsóknastörf umsækjenda til stiga samkvæmt lið A í Matskerfi opinberra Háskóla, sbr. grein 2.8 í stofnanasamningi dags. 24. mars 2011. Ekki er greitt úr vinnumatssjóði vegna áunninna stiga fyrir lokaritgerðir s.s. doktors- og meistaranaritgerðir, eða fyrir önnur verk sem sérstaklega eru undanskilin í matskerfi opinberra háskóla.

### 2. gr.

Vinnumatssjóður Fh er sérstakur sjóður. Andvirði stiga umfram þröskuld úr Vinnumatssjóði eru reiknuð á sama verðgildi fyrir alla akademíska starfsmenn og aðjunkta 1.

#### Skýring

Með akademískum starfsmönnum er átt við eftirfarandi starfsheiti: Lektor, dósent, prófessor, sérfræðingur, fræðimaður og vísindamaður.

### 3. gr.

Greiðslur fyrir hvert rannsóknastig úr vinnumatssjóði taka mið af starfshlutfalli hvers og eins. Þannig fær félagismaður sem er í hálfu starfi greitt fyrir helming stiga að frádregnum helming af þröskuldi starfsmanns í fullu starfi sbr. 4. gr.

### 4. gr.

Við útreikning á rannsóknaframlagi félagsmanna í fullu starfi skal árlegur þröskuldur kennara og sérfræðinga með 50% rannsóknaskyldu eða minna miðast við 7 stig, sjá þó grein 2.7 í stofnanasamningi. Árlegur þröskuldur þeirra sem eru með 100% rannsóknaskyldu miðast við 14 stig og annarra hlutfallslega þar á milli. Þannig miðast árlegur þröskuldur þeirra sem eru með 60% rannsóknaskyldu við 9,33 stig og árlegur þröskuldur þeirra sem eru með 80% rannsóknaskyldu við 11,67 stig. Séu rannsóknastig umfram lágmarksstigafjölda fleiri en 60 reiknast þau stig sem umfram eru í veldinu 0,8. Sjóðnum er úthlutað í hlutfalli við umreiknuð rannsóknastig. Stig þeirra sem eru með annað starfshlutfall og/eða annað hlutfall rannsóknaskyldu eru reiknuð hlutfallslega sbr. 3. gr. og í samræmi við ákvæði í ráðningarsamningi.



**5. gr.**


Vinnuskýrslu skal skila til vísinda- og nýsköpunarsviðs Háskóla Íslands eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Árlegt mat skal liggja fyrir í síðasta lagi 1. júní ár hvert og skal vísinda- og nýsköpunarsvið Háskóla Íslands úthluta greiðslum úr sjóðnum 1. september ár hvert. Félagsmaður í Félagi háskólakennara getur fengið greitt úr sjóðnum á árinu eftir að hann fer á eftirlaun vegna rannsókna sem unnar eru á því ári sem hann lætur af störfum.

**6. gr.**

Gefinn er kostur á að skila inn athugasemdum til vísinda- og nýsköpunarsviðs við niðurstöðu mats innan 15 daga frá því það liggur fyrir. Ágreiningi skal vísa til málskotsnefndar skipaðri af matskerfisnefnd. Málskotsnefnd ber að kanna, hvort mat hafi verið í samræmi við reglur. Úrskurður hennar er endanlegur.

Reykjavík 15. ágúst 2014

  
Fyrir hönd Háskóla Íslands

  
Fyrir hönd Félags háskólakennara